

Handskrift

VÆLDAMÓTIN 2000



LEIÐBEINING

unnin af

Norrænum hugmyndahópi um handskrift

HANDSKRIFT VIÐ ALDAMÓTIN 2000
Håndskrift ved år 2000
Leiðbeining unnin af Nordisk Idégruppe for Håndskrift

Útgafan er studd af Norræna menningarmálasjóðnum
NORDISK KULTURFOND

Eftirtaldir aðilar hafa stutt íslenska útgáfu ritsins:
Menntamálaráðuneytið
Kennarasamband Íslands
Námsháskóla Íslands
Hagþenkir - félag höfundu fræðiritu og kennslugagna
Norræna félagið
Den Grafiske Højskole, København

Ritið er sent ókeypis í 21000 eintökum til allra skóla á
Norðurlöndunum fimm, á máli hvers þeirra.
Stuðningur við það framtak kom frá Nordisk Kulturfond
og aðilum í viðkomandi löndum.

Typografi:
Bent Rohde, Henrik Birkvig
Ritstjóri:
Christian Clemens
Þýðing og umsjón íslensku útgáfunnar:
Þórir Sigurðsson
Tölvuvinnsla íslensku útgáfunnar:
Þórir Brjánn Ingvarsson
Filmgerð:
Prentsmiðjan Oddi hf.
Prentun:
Speed Tryk Hjørring

Fjölföldun til fræðslustofnana er leyfð,
skal þá getið Nordisk Idégruppe for Håndskrift.

Ritið fæst á kostnaðarverði hjá Námsháskóla Íslands.

Nordisk Idégruppe for Håndskrift hefur aðsetur í
Grafiske Museum/Dansk Pressemuseum.
Brandts Passage 37
DK 5000 Odense C
Fax: 0045-66 12 10 63

ISBN 87-90464-10-9

Handskrift

VIÐALDAMÓTIN 2000

Handskrifuð táknu eru árbúsundagamall arfur vitneskju og reynslu. Uppfinningar eins og prentvélin, ritvélin og rafræn ritun nútímans auka möguleika okkar á að breyta talmáli í grafískt form. Þó notum við ennþá daglega hið eldgamla handverk handskriftina.

Hve lengi? Mjög lengi.

Allar rannsóknir, reynsla og skynsemi benda til að bæði rafræn ritun og handskrift verði áfram til!

Í mörgum tilfellum þurfum við að nota handskrift

- ◆ Börn eiga að nota handskrift, það styður tjáningarhæfni þeirra og lestrarnám.
- ◆ Tölvunotkun takmarkar hreyfiproska, handskrift virkjar betur heila, hjarta og hendur.
- ◆ Í öllu námi og ritgerðasmíð auðveldar velgerð og skýr handskrift afköst og hefur oft úrslitaáhrif á árangur.
- ◆ Í daglegu lífi er hraðskrift mest notuð við ritun minnismiða, skilaboða og við frumdrög. Læsilegri skrift er notuð þegar skrifaðar eru persónulegar kveðjur á póstkort, bréf og umslög. Tekið er eftir skrift fólks og hún metin; sum fyrirtæki taka tillit til skriftar við mat á persónuleika umsækjenda. Aukinn áhugi fólks á skrift með sérstaka fagurfræðilega eiginleika, t.d. skrautskrift, er augljós, einkum þegar skrift er notuð í sérstökum tilgangi.
- ◆ Í okkar rafeindastýrða heimi er höndin fús til starfa allan sólarhringinn, óháð rafhlöðum og raftenglum. Talið er að eftir því sem bip-bop hljóðum tölvanna fjölgi, örvist höndin meira til skapandi starfa og hugurinn til íhugunar, sem sé lífsnauðsynleg viðbót við blessaðar tölvurnar.

ÁLYKTUN

Börn eiga að læra að skrifa. Á því er enginn vafi. Einu gildir hvort við þurfum að skrifa mikið eða lítið, færmin verður að vera til staðar. Hér gildir það sama og við akstur bifreiðar. Það er sama hvort við ökum mikið eða lítið, leiknin verður að vera til staðar og ökuskírteinið gilt.

En hvernig? Við getum nú með markvissu starfi náð góðum árangri á styttri tíma en áður, ef það grundvallast á rannsóknum og þekkingu. Ekki nota tíma né krafta til að deila um hvort nota eigi lykkjuskraft eða ekki. Þeirri spurningu svarar raunveruleikinn í skólum Norðurlanda.

Markmiðið er læsileg, fljótleg, og persónubundin skrift, einnig gjarnan fagurskrift sem gerir meiri kröfur til skrifarans. Val á formgerð og hrynjandi skrifstafa og traust kennslufræðileg aðferð við skriftarnám er undirstaða þess að markmiðið náist.

Þessum þáttum verður lýst nánar hér á eftir.

Prentstafir

Skriftarnám þrúast frá því einfalda til hins flókna, í samræmi við þroska barnsins. Því hefst skriftarnám í leikskólum eða við upphaf grunnskóla með því að börnin læra að skrifa prentstafi sem eru einfölduð gerð bókstafa í lestrarbókinni. Skriftarnám styður lestrarnám og er grunnur hrynbundinnar grunnskriftar/handskriftar.

Prentstafir eru notaðir í og eftir skóla þegar þörf er fyrir skýra skrift eða þegar skrift er notuð til skreytingar í verkefni.

Einfölduð hefðbundnin form prentstafa eru þau sömu og í skrifstöfum. Læsileiki skrifargerða er í samræmi við hve auðvelt er að þekkja bókstafina sem skrifstafi. Því eru prentstafir grunnur fyrir mat á skrift og undirstaða góðrar handskriftar. Prentstafir tilheyra grunnþekkingu í skólanámi.

bindingsvörk
bindingsvörk
bindingsvörk
stafatengingar

Grunnskrift

Þegar nemandi hefur lært að skrifa form, upphafspunkt og skriftarhreyfingu með prentskrift er eðlilegt að framhaldið sé tengd skrift. Venjulega gerist það þegar börnin eru 8-9 ára.

Með tengdri skrift næst meiri hrynjandi og skriftarhraði, stafabil verður jafnara og skriftin læsilegri.

Þegar nemandi hefur náð valdi á grunnskrift verður hún grunnur að auðlæsilegri skrift og góðum skriftarhraða.

Forsenda þess er að fyrirmynd forskriftar hafi þessa eiginleika:

- 1 **Auðlæsileg.** Því þurfa sérkenni bókstafa að vera auðþekkjanleg í nýja hlutverkinu.
- 2 **Auðskrifanleg.** Því verður að beina athygli að stafdráttum sem stuðla að góðri skriftarhreyfingu, formi og stafatengingu, án þess þó að læsileiki minnki. Bæði stafdrættir og skriftartækni miðast við að skriftarbækur snúi aðeins til vinstri með tilsvarende hægrihallandi skrift. Örvhentir nemendur eiga að fá sérstakar árangursríkar leiðbeiningar.

tenging
hund
halli


- 3 **Endingargóð.** Því ber að forðast stafaform og stafatengingar sem reynsla og rannsóknir hafa sýnt að þoli ekki aukinn skriftarhraða og persónulega skrift án þess að læsileiki minnki.

Sérstaka gætni verður að sýna veikum stafaformum sem ekki er unnt að komast hjá.

Handskrift

Grunnskript er fyrirmynd handskriftar, með ákveðnar kröfur til stafaforma, stafatenginga og samræmis. Frelsi persónulegrar skriftar byggist umfram allt á *velþjálfðri* grunnskript, sem hindrar ekki einstaklingsbundna stafdrætti heldur opnar möguleika fyrir þá. Handskrift er persónubundið framhald grunnskriftar.

Þegar skrift er orðin það vel þjálfuð að nemandi skrifar áreynslu- og umhugsunarlítið verður skriftin smám saman persónulegri og að lokum *persónubundin lifandi tjáning*.




Sofie	Charlotte	Mathias
Lasse	Anne-Marie	Denis
Stefan	Rasmus	Daniel
Nicolaj	Malene	Martin
Jonas	Annika	Bjørn
Lisette	Niels	Simone

Persónuleg einkenni koma snemma í ljós í góðri grunnskript. Hér er gott dæmi. Danskir nemendur í 4. bekk (10 ára) hafa hér skrifað nöfn sín með blýanti á óstrikað blað, rúm er fyrir mismunandi skriftarstærð og persónulega stafdrætti.

Þessari þróun á ekki að reyna að hraða, hún á að gerast á eðlilegan hátt.

Hreinir persónulegir stafdrættir skriftar byggjast á fleiri þáttum, *mest á öruggri hrynjandi eða takti og hraðri skriftarhreyfingu*, en einnig á skapgerð, formskyni og ögrun að gera betur og einnig skriffærum.

Þjálf handskrift getur líkst grunnskript mjög mikið, en einnig vikið frá henni af persónulegum ástæðum, með einföldun og breytingum á stafaformum og tengingum. Við þetta getur læsileiki skriftar minnkað og það getur tekið tíma að venjast henni, en upplifunin getur verið ómaksins virði.



Mange kærlige hilsener
Mange kærlige Hilsener

Skrift sem er byggist á ósamstæðum teiknuðum bókstöfum er venjulega seinskriðuð og erfið aflestrar- eins konar hálfskrift, sem ber vott um kæruleysi.



Skrift og menning. Ekki er hægt að búast við að börn og unglingar skrifi nú eins og gert var á fimmta áratugnum, jafnvel þó að þau stundi sambærilegt skriftarnám.

Samband er milli tíðaranda, til dæmis í byggingarlist, daglegu lífi og grafisku útliti skriftar. Skriftarfræðingurinn Annelise Garde hefur borið saman skrift unglinga á 8. áratugnum og þeim fimmta.

Skriftin nú er miklu óreglulegri en þá og einkennt af meira sjálfstæði. Frjáls, óformleg hegðun hefur áhrif á skriftina. Hér er hvorki um klaufaskap né kæruleysi að ræða.

Stuðningur skriffæris. Gott skriffæri, sem hæfir viðfangsefninu, gerir góða skrift betri. Góður blýantur, filtpenni og sjálfblekungur eru nægjanleg fyrir flesta við dagleg skriftarverkefni. Breiðpenni, með möguleika á mismunandi breiðum línunum, getur aukið listræn gæði skriftar.

Með handskrift sendum við ákveðin skilaboð með persónulegu útliti og yfirbragði. Oft til gleði, bæði fyrir skrifarann og þann sem fær skilaboðin.

Skriftarkennsla á Norðurlöndum

STUTT YFIRLIT

Í næstum hálföld hefur skriftarkennsla átt í vök að verjast.


Nokkrar sameiginlegar staðreyndir:

Snemma á þessu tímabili voru 2-3 skriftartímar á vikulegri stundaskrá nemenda, eða um 6-700 kennslustundir á 7 ára tímabili, náminu lauk með skriftarprófum í elstu bekkjum grunnskóla. Skriftarkennarar voru yfirleitt vel menntaðir og höfðu áhuga á greininni. Þeir höfðu góðan stuðning frá foreldrum og atvinnulífi vegna þess að á þeim tíma var falleg handskrift ávinningur á framabrot nemandans. Yfirleitt náðu nemendur góðri færni í skrift.

Síðar var skriftarkennsla samþætt móðurmálskennslu og bekkjarkennarinn annaðist hana yfirleitt. Þetta fyrirkomulag hafði þann ávinning að hægt var á eðlilegan hátt að samflétta skriftarkennsluna öðrum skriflegum verkefnum. Gallinn var sá að margir skriftarkennarar höfðu ekki næga færni, þekkingu og áhuga á sjálfri skriftarkennslunni.

Kennslustundum í skrift var fækkað, skyldur kennara urðu fleiri og tímabreki. Það kreppti að skriftarkennslunni og stundum gleymdist hún.

Lykkjuskript eða ekki. Eftir seinni heimstyrjöldina komu fram óskir margra kennara á Norðurlöndum um að gamla skáskriftin yrði endurnýjuð, hún væri ekki lengur í takt við nýjar hugmyndir og meira frjálsræði. Skriftin byggðist á mjög ströngum reglum, skortur var á samræmi og skriftinni hnignaði.



1 lammekølle
Mimersvej
- þýðing á „handskrift“

Í Englandi hafði lengi verið reynt að sporna við hnignun skriftar, þangað voru hugmyndir sóttar, teknar úr *Ítalíuskript* sem var álitin besta skriftargerð í Evrópu.

Endurnýjun skriftar hefur orðið Norðurlöndunum að gagni, en hefur einnig haft vanda í för með sér. Í sumum skriftargerðum voru þessar nýju hugmyndir rangtúlkaðar bæði hvað varðar form og aðferð. Andóf var gegn því að yfirgefa þekktar leiðir og tilfinningarík barátta var háð fyrir því að varðveita lykkjuskriptina sem væri með eðlilegasta hreyfingakerfið, jafnvel þó að hvergi annars staðar væri lykkjuskript notuð í grunnskriptargerðum.

Rannsóknir sýna að við þroskun **hreyfiskyns** skiptir ekki máli hvort skriftin er með lykkjum eða ekki.

Óskýrir skrifstafir og óþarfir aukabættir hafa hamlað skriftarnáminu.

Taugalíffræðin sker ekki úr um hvort ein skriftargerð sé auðveldari en önnur, heilinn ræður við mismunandi vinnuaðferðir, einnig á grafisku sviði. Berið saman skriftargerðir á Vesturlöndum og á öðrum menningar-svæðum.

Hugtakið „persónuleg rithönd“ snertir allt önnur atriði en lykkjuvandamálið.

Frá sjónarmiðum **vinnuhollustufræða** er ekki merkjanlegt að ein skriftargerð íþyngi nemendum meira en önnur. Þó má segja að ef nemendur eru of snemma látnir glíma við stafrætti sem þeir ráða ekki við, til dæmis tengda skrift, getur það haft erfiðleika í för með sér hvað varðar grip um skriffæri, skriftarhreyfingar og heppilega vinnustellingu.

Óvissan um þessi álitamál hefur almennt hamlað þróun og endurnýjun handskriftar á Norðurlöndum.

Á Norðurlöndum er lykkjulaus grunnskript útbreiddust og ómarkvissar skriftargerðir, með og án lykkju eru á miklu undanhaldi.

Merkjanlegt er að frá því á miðjum níunda áratugnum hafa orðið miklar framfarir í skólum og bekkjum þar sem skriftarkennslan er markviss og kennarar vel hæfir með góða starfsmenntun.

En allt of margir nemendur á Norðurlöndum útskrifast úr grunnskólum án þess að hafa góða handskrift á valdi sínu. Það er unnt að bæta þetta ástand. Hér verða nefnd nokkur undirstöðuatriði sem hafa verið reynd.

Þannig þróast góð handskrift á ný

1 Skriftin verður að þróast frá því einfalda til hins flóknara: Prentstafir-grunnskrift-handskrift. Eiginleikar góðrar handskriftar eru augljóslega:

*læsileiki / samræmi
hraði / hrynjandi
festa / ending*

Frá upphafi skriftarnáms verður að leggja áherslu á þessi atriði. Samleik skynfæra og hreyfifærni verður að nýta til fullnustu allt frá byrjun.

2 Skrift verður að þróast í virku samstarfi kennara og nemenda. Nemendur verða að taka þátt í greiningu forma og tenginga, góðra og slakra lausna og einnig í að finna og lagfæra veikleika skriftarinnar. Skilningur og áhugi nemenda næst með því að beina athygli þeirra að viðfangsefnum: skrifstafnum / skriftinni.

Allir kennarar sem láta nemendur nota handskrift við verkefni sín ættu að styðja og fylgja eftir þessum markmiðum og hjálpa við að þróa og viðhalda læsilegri skrift í sambandi við nám í viðkomandi greinum. Raunverulegt, þverfaglegt samstarf!

3 Handleggur, hönd, fingur og skriffæri í samhæfðu verki stuðla að því að skriftarverkefni takist vel. Þess vegna verður að þjálfmarkvissa skriftartækni (grip, hreyfingar, vinnustellingar...) allt frá byrjun til að skriftarþjálfun skili tilætluðum árangri.

4 Skriffæri og efni. Einnig hefur það þýðingu að skriffæri sé vandað og henti viðfangsefnum. Gæði skrifpappírs og áferð/ hæfilegt línubil, einnig í skriftarheftum, getur verið afgerandi fyrir eðlilega þróun skriftar.

Á markaði eru oft fjölbreytt og mismunandi tilboð á skriffærum sem nemendur heillast af, en eru stundum léleg.

Nokkrir skólar hafa því falið ráðgefandi kennarahópum að fylgjast með því sem er í boði á þessu sviði.

5 Skriftarkerfi. Nokkrir kennarar, sem eru bæði góðir skrifarar og kenna eftir markvissri áætlun, útbúa eigin skriftarverkefni sem hæfa nemendum og viðfangsefnum. Það er góð lausn.

En flestir kennarar spara tíma og orku með því að styðjast við skriftarhefti og viðeigandi leiðbeiningar. Hér er vandratað. Aðalleiðir við skriftarkennslu eru tvær.

A *Athygli beinist að skriftinni* og námið örvast af áhuga nemandans á skrift. Þjálfun forma og tenginga verður að vera kerfisbundin og rökrétt. Skriftin er æfð og þjálfuð, handhægar leiðbeiningar notaðar til styrktar, námsárangur skrásettur. Það er góður grunnur fyrir starf kennarans og viðbót við vitneskju hans og reynslu. Nemendur læra að skrifa!

B *Athygli er beint að þáttum sem geta örvað námsvilja*, en tilheyra ekki beint skriftinni, svo sem hönnun, myndskreytingum og litanotkun.

Form og tengingar í skriftaræfingum, samtengd texta í lestrarbókum eða annar tilviljanakenndur námsgrunnur. Kennari fær enga faglega eða kennslufræðilega hvatningu til að styðja við skriftarnámið. *Skemmtilegt*, en nemendur læra ekki að skrifa!

Kennaramenntun

Skriftarkennari verður að vera dugandi, vinna verk sitt faglega, hafa vald á handverkinu og grundvallarmarkmiðum og geta skilað árangursríkri kennslu. Það er þýðingarmikið og hefur áhrif á gæði kennslu að kennarinn sé í góðum tengslum við annað skólastarf.

Á Norðurlöndum er kennaramenntun mjög mismunandi. Það skipulag sem best hefur dugað og gert skriftarnám kennaranema trúverðugt, er með 42-56 kennslustunda námskeið í skrift, helst á einu ári vegna handverksþjálfunar.

Náminu ljúki með mati/prófi sem við-

urkenndir prófdómarar annast.

Skriftarkennarar fá framhaldsmenntun á viðurkenndum námskeiðum.

Segja má að aðeins í kennaramenntuninni sé fjallað um skriftargerðir, framkvæmd skriftarkennslu og mat. Því miður oftast án ákveðins stuðnings frá rannsóknaraðilum í háskólum.

Þangað til að betri samstarfsvettvangi er komið á fót, verður að efla og þróa kennaramenntun, sem er eini vettvangur norrænnar skriftarmenningar.

Niðurstaða

Það er unnt að tryggja framtíð handskriftar í skólum og kennaramenntun í samræmi við mikilvægi hennar í skólum og samfélagi.

Norrænn hugmyndahópur um handskrift

DANMÖRK	Christian Clemens Else Marie Frandsen Bent Rohde
FINNLAND	Mervi Wäre von Hedenberg
ÍSLAND	Þórir Sigurðsson
NOREGUR	Gunnar Guttormsgaard Øystein Sunde
SVÍÞJÓÐ	Thomas Sigurdson

RITARI/AÐSETUR:

Danmarks Grafiske Museum/
Dansk Pressemuseum
Brandts Passage 37 DK-5000 Odense C
S. (0045) 66 12 10 20 F. (0045) 66 12 10 63

HEIMILD

Álit og hugmyndir sem hér eru skráðar eru byggðar á rannsóknum, reynslu og skoðunum félaga í Norræna hugmyndahópnum um handskrift, Nordisk Idégruppe for Håndskrift. Hann lýsir hér áliti sínu á stöðu handskriftar og leiðum sem í raun ná markmiðinu: Að nemendur læri að skrifa.

Heimildarit þetta kemur frá Norræna hugmyndahópnum um handskrift.

Ef lesendur eru ekki sammála erum við þakklát fyrir gagnrýni sem byggist á rannsókn- og reynsluskýrslum.

Skýringar

Prentstafir. Átt er við grunnform venjulegra prentstafa sem eru ótengdir, einfaldaðir og lóðréttir. Þeir eru notaðir í byrjun til að æfa grunnform skrifstafa og til stuðnings lestrarkennslu.

Grunnskrift. Átt er við reglubundna, tengda, hægrihallandi forskrift, með eða án lykkja. Hún er grunnur fyrir þróun góðrar handskriftar.

Handskrift. Persónubundin þróun grunnskriftar.

Skrautskrift/ fagurskrift/ kalligrafísk skrift. Handskrift með sérstöku listrænu yfirbragði hvað varðar form, tengingar, línur og heild.

Sýnishorn skrifstafa og fræðiheiti

Skrifstafasýnishornin eru leiðbeinandi, einnig eru sýndir mismunandi valmöguleikar, óveruleg atriði mega ekki hamla hagkvæmri þróun skriftar. Til dæmis er hægt að nota í grunnskrift upphafsstafi prentstafa ásamt formum og tengingum skrautskriftar. Hlutfallið milli mið- undir og yfirlengda skrifstafa getur ákvarðast með tilliti til þjóðlegra venja í hverju landi fyrir sig.

Til upplýsinga fylgja norræn orð sem notuð eru til skýringa.

MARKMÆÐ

Læsileg, hröð, persónubundin handskrift til almennra nota og flóknari skrautskrift/ fagurskrift/ kalligrafía til nota við sérstök tækifæri.

Norræn fræðiheiti

SKRIFTARGERÐIR	DANMÖRK	FINNLAND	ÍSLAND
Heiti á skriftargerðum	Håndskrivning / Håndskrift	Käsialakirjoitus / Käsiala Håndskrivning	Handskrift / Skrift
Ragnhild	Trykbogstaver	Tekstaus pysty – vino Textning rak – lutande	Prentstafir
<i>Ragnhild</i>	Grundskrift	Mallikirjoitus / Tyypkirjoitus / Käsialakirjoitus Skrivstil	Tengd grunnskift
<i>Ragnhild</i>	Grundskrift med løkker		Tengd lykkjuskrift
<i>Ragnhild</i>	Håndskrift / Personlig håndskrift	Persoonallinen käsiala Personlig handstil	Persónuleg handskrift
<i>Ragnhild</i>	Skønskrift/ Kalligrafisk skrift	Kalligraafinen kirjoitus Kalligrafisk handstil	Skrautskrift / Fagurskrift

um skrift

NOREGUR	SVÍÐÍÓÐ	FÆREYJAR	GRÆNLAND
Håndskrift	Handskrivning	Handskrift	Allaaseq
Trykkskrift / Grunnformer	Textning rak – lutande	Prentstavir	Naqinnerit naqitaasiukkat
Sammenbundet skrift med staver / Stavskrift / Grunnskrift	Grundskrift / Skrivstil	Grundskrift vid ongum lykkjum	Grundskrift
Sammenbundet skrift med løkker / Løkkeskrift / Grunnskrift	Bunden øgelskrift	Grundskrift	Grundskrift putuliisarluni
Personlig skrift	Personlig handstil	Handskrift	Allaaseq
Prydskrift/ Kalligrafisk skrift	Kalligrafisk handstil	Fagurskrift	Kusassakkamik allaaseq

Danmörk · Noregur · Grænland

29 bókstafir

Trykbogstaver
Trykkskrift
Naqinnerit
naqitaasiukkat

abcdefghijklmnopqrstu
vwxyzæøå 0123456789
ll·ææ·ll

ABCDEFGHIJKLMN
OPQRSTUVWXYZÆØÅ Ragnhild

Grundschrift
Grunnskrift
Grundschrift

abcdefghijklmnopqrstu
vwxyzæøå
abcdefghijklmnopqrstu
vwxyzæøå
bb·pp·qq·vv·øø·enneve·rere·ll
A·B·C·D·E·E·F·G·G·H·I·J·K·L·L·M·N
O·P·Q·R·S·T·U·V·W·X·Y·Y·Z·Æ·Ø·Å
0123456789 Ragnhild Christian

Skönskrift/
Kalligrafisk skrift
Prydskrift/
Kalligrafisk skrift
Kusassakkamik
allaaseq

ABCDEFGHIJKLMN
OPQRSTUVWXYZÆØÅ 0123456789
abcdefghijklmnopqrstu
vwxyzæøå 0123456789 Ragnhild

Finnland · Svíþjóð

29 bókstafir

Tekstaus
Textning

abcdefghijklmnopqrstu
vwxyzääö 0123456789
äöāō·ll·ll

ABCDEFGHIJKLMN
OPQRSTUVWXYZÅÄÖ Ragnhild

Skrivstil
Grundskrift
/ skrivstil

abcdefghijklmnopqrstu
vwxyzääö
abcdefghijklmnopqrstu
vwxyzääö
qq·vv·äö·āō·en ne ve·re·re·ll
A·B·C·D·E·E·F·G·G·H·I·J·K·L·L·M·N
O·P·Q·R·S·T·U·V·W·X·Y·Y·Z·Å·Ä·Å·Ö·Ö
0123456789 Ragnhild Christian

Kalligraafinen
kirjoitus
Kalligrafisk handstil

ABCDEFGHIJKLMN
OPQRSTUVWXYZÅÄÖ 0123456789
abcdefghijklmnopqrstu
vwxyzääö 0123456789 Ragnhild

Ísland · Færeyjar

Ísland -á og ø Færeyjar -é og ö

Prentstafir
Prentstavir

aábcddðeéfgghiíjklmnoópqrstu
úvwxyýzþæöøá 0123456789
ll·yy·æ öø·ll
AÁBCDÐEÉFGHIÍJKLMNOÓ
PQRSTUÚVWXYÝZÞÆÖØÁ
Ragnhild

Tengd grunnskrift
Grunnskrift

aábcddðeéfgghiíjklmnoópqrstuúvwxyýzþæöøá
aábcddðeéfgghiíjklmnoópqrstuúvwxyýzþæöøá
bl·qq·vv·öø·enne ve·re·re·ll
AÁBCDÐEÉÉ·FGG·HIÍJK·LL·MNOÓPQ
RSTUÚVWX·YÝ·ZÞÆÖØÁ
0123456789 Ragnhild Christian

Skrautskrift
Fagurskrift

AÁBCDÐEÉFGHIÍJKLMNOÓPQRSTUÚ
VWXYÝZÞÆÖØÁ 0123456789 aábcddðeéfg
hiíjklmnoópqrstuúvwxyýzþæöøá 0123456789
Ragnhild Christian

Norræn hugmyndahópur um handskrift

Nordisk Idégruppe for Håndskrift

Stofnaður 16. janúar 1993 með stuðningi frá Norræna menningarmálasjóðnum

Markmið

Efling handskriftar á Norðurlöndum

Reynt er að ná markmiðinu með því að:

- 1 koma af stað miðlun reynslu og vitneskju um handskrift: skriftarform, þróunarferil og sögulega þróun
- 2 koma á tengslum milli fólks er hefur sérlegan áhuga á skrift og hönnun sem tengist kennslu og rannsóknum
- 3 þróa og varðveita dýrmætt handbragð og skrif-færatekni
- 4 hafa frumkvæði að upplýsingagjöf og taka þátt í að leysa vandamál varðandi handskrift

Uppbygging

Í hugmyndhópnum eru 1-3 meðlimir frá Íslandi, Noregi, Svíþjóð, Finnlandi og Danmörku. Áhersla er lögð á að hóp-urinn spanni breitt þekkingar- og reynslusvið.

Til að leysa sérstök viðfangsefni og vandamál getur hópurinn kallað til sín sérfræðinga, til dæmis í líffærafræði, taugasjúkdómafræði, sálarfræði, rithandarfræði, vinnusálfræði, og skriftarsögu.

Inntökuskilyrði

- Að viðkomandi starfi í samræmi við markmið og viðfangsefni hópsins og hafi þekkingu eða verklega kunnáttu á sviði handskriftar og fagurskriftar.
- hafi skrifað bækur eða bókarhluta, greinar eða annað um handskrift og skrift á viðurkenndan faglegan hátt.

GRUNNUR GÓÐRAR
HANDSKRIFTAR ER:

læsileiki / samræmi

hraði / hrynjandi

festa / ending

Norrænn hugmyndahópur um handskrift

Nordisk Idégruppe for Håndskrift